

Dagskrá

Fundur stjórnar fiskeldissjóðs, 20. fundur.

20.01.2022, kl. 10:00 til 11:00

Fundarstaður: Fjarfundur á Teams.

Fundarmenn: Haraldur L. Haraldsson, Kjartan Dige, Álfheiður Ingadóttir, Hallveig Ólafsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar, 22. nóvember 202, borin upp til samþykktar.

Fundargerð 19. fundar samþykkt.

2. Fyrirkomulag úthlutunar, auglýsing o.s.frv. árið 2022

Almennt rætt um úthlutunarreglur. Auglýsing skal koma eigi síðar en 1. febrúar samkvæmt reglugerð um Fiskeldissjóð. Kjartan setti upp tímalínu, sem samþykkt var í stjórn. Samkvæmt því skal umsóknafrestur vera til 22. mars. Hallveig mun senda út auglýsingu 2021 til stjórnanna. Kjartan nefndi skemað sem notað var, væri kannski of einfalt fyrir flókin verkefni, og þyrfti skoða, hvernig bæta mætti fyrirkomulagið. Aðrir stjórnarmenn tóku undir það.

3. Úthlutunarreglur og matsskjal 2022.

Frestað.

4. Starfsreglur stjórnar fiskeldissjóðs.

Frestað.

5. Önnur mál.

Samkvæmt fjárlögum 2022 eru til ráðstöfunar 196,8 milljónir, þar af til úthlutunar 185,1 milljónir og rekstrargjöld 11, 7 milljónir. Ákveðið var að taka fund mánudaginn 24. janúar þar sem farið yrði yfir starfsreglur, úthlutunarreglur, matrix-u og auglýsingu 2022. Ákveðið var að hafa fund 14:00 á mánudeginum 24. janúar.

Hallveig ætlaði koma fundargerðum inn á teams-svæði.

Hallveig ritaði fundargerð. Fundi slitið 11:00.